

Mál nr. 276/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Umfang tjóns.

Gögn.

29. Málskot móttakið 2. ágúst 2023, ásamt fylgiskjölum.

30. Tölvupóstur V dags. 22. september 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að ekið var á bifreið M hinn 21. maí 2023 þannig að altjón varð á bifreiðinni. Samskipti áttu sér stað eftir það milli M og V um bótafjárhæð en þegar leið á þau samskipti kom fram að bifreið M hafði áður orðið fyrir tjóni sem greiddar höfðu verið bætur vegna og taldi V það hafa áhrif á ákvörðun um greiðslu bóta til M. Endanlegt tilboð V um bætur fyrir tjón á bifreið M stendur í 200.000 krónum.

M telur að bótafjárhæð vegna tjóns á bifreið hennar eigi að taka mið af því að tjón hafi orðið aftan á bifreiðinni hinn 21. maí sl. en tjón sem varð á bifreiðinni áður hafi verið framan á henni Einnig vísar M til þess að hún hafi verið búin að gera ráðstafanir til að kaupa varahluti vegna fyrra tjónsins og eigi greiðslur vegna þess því ekki að hafa áhrif á bótafjárhæð frá V. M vísar til þess að verðmæti bifreiðar hennar sé um 890.000 m.v. upplýsingar frá bílasölum.

V hefur hafnað því að greiða meira en 200.000 krónur í samkomulagsbætur vegna tjóns 21. maí 2023 og byggir það mat á því að matsvirði bifreiðarinnar í heild sé 800.000 krónur og miðist það við að bifreiðin sé í lagi. Við afgreiðslu málsins hjá V hafi komið í ljós að skömmu fyrir tjón sem bótaskyld er hjá V hafi bifreið M lent í öðru tjóni og M fengið greiddar samkomulagsbætur að fjárhæð 650.000 krónur vegna þess tjóns og eigandi fengið að halda bifreiðinni. Ekki liggi fyrir að viðgerð hafi átt sér stað eftir það tjón og verði því að miða við að bifreiðin sé ekki meira virði en munur á heildarverðmæti og þeirri bótagreiðslu, eða 150.000 kr. en V hafi boðist til að greiða 200.000 til samkomulags til M vegna málsins og hafi þegar greitt þær bætur til M.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr fyrst og fremst að því hverjar fullar bætur eru fyrir fjártjón M þegar bifreið hennar skemmdist hinn 21. maí 2023. Ekki er hægt að skilja rökstuðning M öðruvísi í gögnum málsins en að greiddar hafi verið bætur vegna tjóns sem varð á bifreið hennar á undan því sem hér er deilt um að fjárhæð 650.000 króna. Ekkert liggur hins vegar fyrir um að gert hafi verið við það tjón áður en tjónið sem bótaskyld er hjá V varð. Það þýðir að verðmæti bifreiðar M þegar tjón það varð sem V ber að greiða skaðabætur vegna verður að taka mið af raunverulegu ástandi bifreiðarinnar á tjónsdegi hinn 21. maí 2023. Ekki hafa komið fram upplýsingar í málinu sem hnekkja því að heildarverðmæti bifreiðarinnar hafi verið 800.-890.000 krónur á tjónsdegi 21. maí sl. Það að greiddar höfðu verið bætur rétt áður til viðgerðar upp á 650.000 krónur hefur áhrif á mat á heildarverðmæti bifreiðarinnar og má ætla að hún sé þá sem þeirri fjárhæð nemur lægra, en framlagning seinna tilkominna reikninga sem ekki er sýnt að hafi verið greiddir vegna kaupa á varahlutum breyta ekki þeirri afstöðu nefndarinnar. Verður ekki sýnt af gögnum málsins að fullar bætur fyrir fjártjón M í skilningi 1. mgr. 35. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 séu hærri en 200.000 krónur, en það er sú fjárhæð sem V hefur þegar greitt. Á M því ekki rétt til greiðslu frekari bóta af hálfu V vegna tjóns 21. maí 2023.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til frekari bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 17. október 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir